

## **Nemendaráð Naustaskóla**

5. fundur skólaárið 2011-2012

Dagsetning: 18. janúar 2012

Mættir; Pétur Már 9.b, Hrannar Þór 9.b, Brynjar 8.b., Uglá 7.b., Freyr 6.b., Guðný Birta 5. bekk, Íris 4. bekk ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

**Spurningakeppni grunnskólanna.** Boð hafa borist um að spurningakeppni grunnskólanna verði haldin á Akureyri 25.-26. janúar. Við höfðum fyrr í haust ákveðið að taka þátt í þessari keppni. Naustaskóli verður væntanlega í riðli með Brekkuskóla og Hrafnagilsskóla. Ákveðið að "próf" vegna skipunar liðs skólans verði haldið á morgun, 19. janúar.

**Hæfileikakeppni.** Á áætlun vetrarins var að halda hæfileikakeppni á vegum nemendaráðs og skal hún í þetta sinn bera nafnið "Naustaskóli's got talent". Ákveðið að keppnin verði fimmtudaginn 2. febrúar. Nemendaráð sér um að setja upp auglýsingar og skráningarblöð, skráningarfrestur verður til 26. janúar, fundað aftur að þeim tíma liðnum og farið nánar yfir skipulag. Fulltrúar skiptu með sér verkum við verðlaunaöflun.

**Óskir nemenda.** Fram komu óskir um að keypt yrðu spilin Monopoly og Risk.

Fleira ekki tekið fyrir á þessum fundi.